

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 – 1990

14. maí 1990

493

Nr. 191

REGLUGERÐ

um afnám reglugerða nr. 513/1989 og nr. 533/1989.

1. gr.

Frá og með 15. maí 1990 eru felldar úr gildi reglugerð nr. 513 6. nóvember 1989, um bann við línuveiðum í sunnanverðum Faxaflóa og reglugerð nr. 533 16. nóvember 1989, um bann við tog- og dragnótaveiðum fyrir Suðurlandi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. maí 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

4. maí 1990

Nr. 192

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin:

1. einstefna á Hávallagötu frá Hofsvallagötu að Bræðraborgarstíg.
2. einstefna á Vitastíg frá Hverfisgötu að Skúlagötu.

Auglýsing þessi öðlast gildi 20. maí næstkomandi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 4. maí 1990.

Böðvar Bragason.